

Ár 2023, fimmtudaginn 14. september, er fundur haldinn í aga- og úrskurðarnefnd KSÍ á skrifstofu Knattspyrnusambands Íslands í Laugardal, Reykjavík, af nefndarmönnum Helga R. Magnússyni, Ástu Björk Eiríksdóttur og Andra Val Ívarssyni.

Fyrir er tekið málið nr. 18/2023:

Jón Ólafur Gestsson
gegn
Knattspyrnudeild Þróttar R.

Gögn málsins merkt nr. 1 liggja frammi. Er nú í nefndinni kveðinn upp svofelldur

ÚRSKURÐUR:

I.

Kærandi:

Jón Ólafur Gestsson, kt. 140679-3569
Vættaborgir 44
112 Reykjavík

Kærði:

Knattspyrnudeild Þróttar R., kt. 470108-1340
Engjavegi 7
104 Reykjavík

Mál þetta var mótttekið af skrifstofu KSÍ 7. september sl.

II.

Kröfur:

Kærandi krefst þess að úrslit í leik Þróttar R. og Fjölnis í úrslitakeppni F-liða í Íslandsmóti 5. flokks karla verði dæmd Fjölni í vil, 3-0 og Þróttur R. verði beitt fjársektum.

Til vara er þess krafist að allir leikir umrædds liðs á vegum Þróttar R. verði dæmdir ógildir og nýr undanúrslitaleikur leikinn við það lið sem flyst þá upp í viðeigandi sæti þess riðils.

III.

Málsatvik og ágreiningsefni:

Kærandi lýsir málavöxtum svo að í leik Þróttar R. og Fjölnis í úrslitakeppni F-liða í Íslandsmóti 5. flokks karla hafi leikmenn Þróttar R. úr A og B styrkleika verði að keppa við leikmenn Fjölnis í F styrkleika. Það beri sterkan keim af óþróttamannslegri

framkomu og óheiðarleika, að tefla fram sterkari leikmönnum í svona mikilvægum leik til að tryggja sér hagstæð úrslit. Fari það á svig grein 5.3. laga KSÍ.

Þá sé leikskýrsla sem aðgengileg er á vef KSÍ ekki rétt því flestir leikmanna Þróttar hafi augljóslega verið fæddir 2011 en ekki 2012 líkt og leikmenn Fjölnis. Einnig komi fram á leikskýrslunni að Þróttur hafi teflt fram 8 leikmönnum en í reynd hafi þeir verið með 3 skiptimenn sem þýðir þá 11 leikmenn m.v. að 8 leikmenn hafi verið inni á vellinum. Þetta sé brot á grein 8.3. í reglugerð um aga- og úrskurðarmál.

IV.

Niðurstaða:

Eftir að kæra hefur borist á skrifstofu KSÍ, skal samkvæmt gr. 6.3 í reglugerð KSÍ um aga- og úrskurðarmál, tekið til skoðunar hvort nokkrir þeir formgallar séu á kæru sem varði frávísun hennar áður en málið er tekið til efnismeðferðar á fundi aga- og úrskurðarnefndar.

Samkvæmt gr. 6.3 í fyrrgreindri reglugerð hefur einstaklingur og/eða félag, sem misgert er við og hefur hagsmuni af meintu broti rétt til að leggja fram kæru til aga- og úrskurðarnefndar KSÍ.

Í málinu liggur fyrir að kærandi er foreldri leikmanns í umræddum leik og hefur beint kæru sinni gegn knattspyrnudeild Þróttar og krefst þess að úrslitum í leik F liðs kærða í 5. flokki karla verði breytt og kærði verði beittur fjársektum. Til vara er farið fram á allir leik tilgreinds liðs kærða verði dæmdir ógildir.

Ekki verður talið að kærandi hafi hagsmuni af meintu broti kærða og því séu skilyrði gr. 6.3 í reglugerð KSÍ um aga- og úrskurðarmál ekki uppfyllt. Þegar af þeirri ástæðu ber að vísa kærinni frá án þess að taka hana til efnislegrar umfjöllunar á vettvangi aga- og úrskurðarnefndar KSÍ.

V.

Úrskurðarorð:

Máli þessu er vísað frá.

Um áfrýjun:

Samkvæmt grein 16.3. í reglugerð KSÍ um aga- og úrskurðarmál er frestur til að áfrýja máli til áfrýjunardómstóls KSÍ 3 dagar frá því að úrskurður aga- og úrskurðarnefndar er kveðinn upp og skulu almennir frídagar ekki taldir með.

Helgi R. Magnússon [sign]

Ásta Björk Eiríksdóttir [sign]

Andri Valur Ívarsson [sign]